

Nd.

190. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 32, 16. des. 1885, um selaskot á Breiðafirði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Öll selaskot skulu hjer eftir bönnuð á Breiðafirði fyrir innan línu, sem hugsast dregin frá Eyrarfjalli, sunnan Breiðafjarðar, í Stagley og frá Stagley hálfu milu frá Oddbjarnarskeri nyrðra í Bjargtanga í Barðastrandarsýslu.

Sama bann skal og gilda á Hvammsfirði utan línu úr Ljárósum í Teigshyrnu og þaðan í Hólmlátursborgir.

2. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:

Brot gegn 1. gr. varða sektum og skaðabótum eftir 5., 15. og 16. gr. í tilskipun 20 júní 1849, þó svo, að viðbótarsekt sú, sem ákveðin er í niðurlagi 15. gr., skal vera 50–150 kr. fyrir hvern sel, sem skotinn er, og renna að $\frac{1}{3}$ í sveitarsjóð þar, sem brot er framið, og að $\frac{2}{3}$ til uppljóstrarmanns. Byssan, sem skotið er með, skal og upptæk og andvirði hennar skift eftir sömu hlutföllum milli sömu aðilja.